

Nr. 547

23. maí 2014

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018, stækkun þéttbýlis
á Bíldudal og ný iðnaðar- og athafnasvæði, athafnasvæði Patreksfirði.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 23. maí 2014 breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 sem samþykkt var í sveitarstjórn Vesturbyggðar þann 19. mars 2014. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst 6. maí 2014.

Í breytingunni felst að á Bíldudal er þéttbýlið stækkað um 4 ha með nýju iðnaðarsvæði á landfyllingu og verslunar- og þjónustusvæði er breytt í athafnasvæði. Á Patreksfirði er íbúðarsvæði minnkað og breytt í athafnasvæði að hluta.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 23. maí 2014.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 10. júní 2014